



VINNUEFTIRLIT RÍKISINS

Ákvörðun nr. 10/2012

Álagning dagsekta á Vélaverkstæði Þóris ehf. vegna vanrækslu á að fara eftir fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins

I. Málavextir

Í reglubundinni skoðun eftirlitsmanns Vinnueftirlits ríkisins hjá Vélaverkstæði Þóris ehf., kt. 581298-2779 að Austurvegi 69, 800 Selfossi þann 28. október 2010, var fyrirtækinu veitt eftirfarandi fyrirmæli:

- Að atvinnurekandinn bætti úr lýsingu yfir stiga upp á kaffistofu.
- Að atvinnurekandinn kæmi upp afsogi sem sagnar burt reykmenngun við upptök.
- Að atvinnurekandinn skyldi tilnefna öryggisvörð og starfsmenn skyldu kjósa sér öryggistrúnaðarmann.
- Að gera skyldi skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað.

Voru fyrirmælin gefin á grundvelli 5. gr., 14. gr., 21. gr. og 26. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, 1. mgr. 8. gr., 2. mgr. 10. gr., og 1. mgr. 34. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða og c. liðar 2. mgr. 4. gr. reglna nr. 390/2009 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum. Í ofangreindri ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins kom fram að fyrirtækið skyldi tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um það þegar úrbótum væri lokið.

Fyrirmælin voru ítrekuð tvisvar sinnum með bréfum sem Vinnueftirlit ríkisins sendi Vélaverkstæði Þóris ehf., dags. 17. febrúar 2011 og 18. nóvember 2011. Þrátt fyrir þessar ítrekanir þá var ekki farið eftir þessum fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins og engar tilkynningar um úrbætur bárust stofnuninni.

Með bréfi dags. 7. júní 2012 var Vélaverkstæði Þóris ehf. sent bréf þar sem athygli var vakin á rétti aðila skv. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 að tjá sig um efni máls áður en ákvörðun yrði tekin í því. Kom fram í bréfinu að Vinnueftirlit ríkisins væri að íhuga að leggja á dagsektir á fyrirtækið þar sem það hafði ekki farið að ofangreindum fyrirmælum stofnunarinnar. Vélaverkstæði Þóris ehf. var veittur 14 daga frestur til að koma að andmælum áður en Vinnueftirlit ríkisins tæki ákvörðun um hvort leggja skyldi á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum. Engin svör bárust stofnuninni.

II. Niðurstaða

Skv. 1. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum er það tilgangur laganna að tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi. Skv. 75. gr. laga nr. 46/1980 er það hlutverk Vinnueftirlits ríkisins að hafa eftirlit með lögnum. Í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum erum mörg almenn efnisákvæði er kveða á um hvernig vinnuumhverfi starfsmanna skuli háttað og í reglum og reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra eru ákvæði laganna nánar útfært.

Skv. 13. gr. laga nr. 46/1980 er það skylda atvinnurekanda að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Skv. 37. gr., 42. gr. og 46. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, skal fylgja fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þar sem Vélaverkstæði Þóris ehf. hefur ekki farið að ofangreindum fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins þrátt fyrir að fyrirmælin hafi verið ítrekuð þá hefur stofnunin tekið þá ákvörðun að leggja á fyrirtækið dagsektir, sbr. heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 þangað til fyrirtækið uppfyllir lagaskyldur sínar, en sú grein kveður á um það, að ef ákvæði laga nr. 46/1980 eða reglna sem settar eru með stoð í þeim eru brotin og ekki er farið eftir ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins á grundvelli þeirra þá getur stofnunin ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðun beinist að greiði dagsektir þar til farið verður að henni.

Skv. gögnum Vinnueftirlits ríkisins þá starfa 11 starfsmenn hjá Vélaverkstæði Þóris ehf. en fyrirtækið stundar rekstur vélaverkstæðis og almennar viðgerðir.

III. Ákvörðunarorð

„Vélaverkstæði Þóris ehf., kt. 581298-2779, hefur brotið gegn 5. gr., 14. gr., 21. gr. og 26. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, 1. mgr. 8. gr., 2. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 34. gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða og c. lið 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 390/2009 um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum.

Af þeim sökum og með heimild í 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum, leggur Vinnueftirlit ríkisins dagsektir á Vélaverkstæði Þóris ehf. og skal fyrirtækið greiða kr. 35.000 á dag frá og með næsta degi eftir að fyrirtækinu var tilkynnt sannanlega um þennan úrskurð og þar til fyrirtækið hefur tilkynnt um úrbætur til Vinnueftirlits ríkisins í samræmi við ákvörðun Vinnueftirlits ríkisins frá 28. október 2010.”

Vinnueftirlit ríkisins

Björn Þór Rögnvaldsson